

# 10. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.

Hótel Hamar, 16. mars 2007 kl. 13:30.

Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Jón Pálma Pálsson sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
7. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Í upphafi kannaði fundarstjóri lögmati fundarins og var hann lögmætur.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru:

Sæmundur Víglundsson..

Kristinn Jónasson

Páll Brynjarsson

## 1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann fór m.a. yfir afkomutölur félagsins. 5 stjórnarfundnir voru haldnir á árinu. Hann fór yfir starfsemina í Fíflholtum og sagði hana hafa gengið án sérstakra áfalla. Vandamál koma alltaf upp vegna hvassviðris, en þá vill netið umhverfis urðunarsvæðið rifna og í verstu tilfellum falla um koll með þeim afleiðingum að léttur úrgangur fer að fjúka. Verðurathugunarstöðin frá Veðurstofunni er kominn í notkun og hægt era ð nálgast upplýsingar um vindhraða o.fl á vefsíðu Veðurstofunnar. Hann fór yfir magntölur og sagði töluvert af úrgangi væri að berast til urðunar sem hægt er að finna endurvinnslufarveg fyrir. Hann vildi meina að í sínum huga væri það ekki spurning hvenær urðunarstaðir myndu neita að taka við úrgangi sem ætti sér endurvinnslufarveg. Hann fór yfir framkvæmdir á urðunarsvæðinu en

2. Þriðja urðunarreinin var tekin á árinu 2006 og einnig hefði verið útbúin sérstök urðunargryfja fyrir asbeströr. Að kröfu Umhverfisstofnunar voru 7 brunnar útbúnir á urðunarsvæðinu til að hægt sé að fylgjast með grunnvatnsstöðu. Að lokum fór hann nokkuð ítarlega yfir sameiginlega svæðisáætlun fyrir Suður- Suðvestur- og Vesturland og samning sorpsamlagananna fjögurra um úrvinnslu verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun í nefndri svæðisáætlun fyrir árin 2005 – 2020. Verkefnisstjórn verkefnisins réði 5 verkfræðistofur sér til aðstoðar til að vinna þetta verk og fékk hver þeirra ákveðið verksvið. Til samræmingar og samantektar á öllum verkþáttum í eina heild var ráðinn Teitur Gunnarsson frá Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. Vinna er á lokastigi.

Í upphafi starfseminnar í Fíflholtum árið 1999 hefur Gámaþjónustsa Vesturlands haft með höndum rekstur sorpurðunarstaðarins. Stjórn hefur nú tekið þá ákvörðun að segja samningnum upp þar sem forsendur eru brostnar þar sem úrgangsmagnið er orðið ríflega tvöfalt á við það sem samningurinn gerði ráð fyrir.

## **2. Ársreikningar félagsins.**

Hrefna B Jónsdóttir framkvæmdastjóri skýrði ársreikninga félagsins.

Niðurstaða rekstrarreiknings er 7.466.771 kr. hagnaður. Heildartekjur ársins 2006 voru 57,1 millj. kr. Afskriftir ársins voru 643 þús. kr.

Heildareignir eru 45,4 milljónir, skuldir 7,2 millj. og eigið fé 38,1 millj. kr.

Hrefna sagði frá skýrslu um grænt bókhald Sorpurðunar Vesturlands hf. sem liggur nú fyrir vegna ársins 2006 og er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar og SSV.

Framkvæmdastjóri fór yfir grænt bókhald fyrirtækisins.

Fundarstjóri bar upp reikningana og skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins og voru þeir samþykktir samhljóða.

## **3. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.**

Lagt var til að greiðsla fyrir fundarsetu yrði 11.000 kr. pr. fund og 22.000 kr. fyrir formann. Greiðslur yrðu fyrir ferðakostnað samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.**

Fundarstjóri bar upp tillögu um 15% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2006 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **5. Kosning stjórnar**

Kristinn Jónasson flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Gunnólfur Lárusson.

Kristinn Jónasson

Sigríður Gróa Kristjánsdóttir

Guðbrandur Brynjúlfsson

Sæmundur Víglundsson

Bergur Þorgeirsson.

Magnús Ingi Bæringsson

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

## **6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.**

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Davíð Pétursson.

Samþykkt samhljóða.

## **7. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.**

Engin.

Fundarstjóri sleit fundi.

Fundarritari, Hrefna B. Jónsdóttir